

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps nr. 690/2013.

#### 1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps heldur almennt reglulega fundi sveitarstjórnar á skrifstofu sveitarfélagsins, annan og fjórða fimmtudag í mánuði.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. samþykktarinnar:

a) A liður greinarinnar verður svohljóðandi:

1. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni grunn-, leik- og tónlistarskóla skv. erindisbréfi.
2. *Félags- og menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um málefni félagsþjónustu, fatlaðra, aldraðra, jafnréttismál, forvarnir, áfengis- og vímuvarnir og húsnæðismál. Nefndin fjallar jafnframt um æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál þar með talið almenningsbókasafn.
3. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um skipulags- og samgöngumál. Einnig fjallar nefndin um málefni veitna.
4. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um umhverfis- og hreinlætismál.
5. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um atvinnumál. Þá fjallar nefndin um fasteignir í eigu sveitarfélagsins, kaup, viðhald, nýbyggingar og fleira.
6. *Landbúnaðarnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um málefni landbúnaðarins þar með talið eyðingu vargs.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Fjallskilastjórar*. Tveir.
9. *Grenjaskyttur*. Tvær.

b) 1. tölul. B-liðar samþykktarinnar fellur brott og breytast aðrir töluliðir í samræmi við það.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 22. september 2014.*

F. h. innanríkisráðherra,

**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*